



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Alþingi - efnahags- og viðskiptanefnd Austurstræti 8-10 150 Reykjavík	20. nóvember 2018	18110013 11.01 GJJ/ih

Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun, þskj. 365 - 312. mál

I.

Ríkisendurskoðandi hefur þann 9. nóvember 2018 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Um er að ræða frumvarp sem hefur að geyma nýjan lagaramma um endurskoðendur og endurskoðun og í greinargerð með því kemur fram að það sé hluti af evrópskri samvinnu sem á að skapa traust á fjárhagsupplýsingar og reikningsskil félaga.

II.

Í upphafi er rétt að taka fram að í 21. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, er kveðið á um að lög um endurskoðendur nr. 79/2008 gildi hvorki um ríkisendurskoðanda né Ríkisendurskoðun. Lög nr. 79/2008 gilda þó um það starfsfólk embættisins sem endurskoðar á grundvelli þeirrar kröfu að endurskoðun skuli gerð af löggiltum endurskoðanda. Verði frumvarp það sem hér er til umsagnar að lögum þarf að áréttta þessa sérstöðu ríkisendurskoðanda og Ríkisendurskoðunar gagnvart nýjum lögum.

III.

Í 7. tölul. 3. gr. frumvarpsins kemur fram að til þess að öðlast löggildingu í endurskoðun þurfi viðkomandi m.a. að hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunarfyrtæki með starfsleyfi. Ekki komi fram í greinargerð rökstuðningur fyrir þessu nýmæli sem er veruleg breyting frá gildandi lögum. Verði breyting þessi að lögum mun það hafa í för með sér að starfsfólk Ríkisendurskoðunar muni þurfa að afla sér starfsreynslu hjá öðrum aðilum þar sem embættið fellur ekki að skilgreiningu frumvarpsins um endurskoðunarfyrtæki sbr. 7. tölul. 3. gr. frumvarpsins.


Ríkisendurskoðandi telur að tillaga þessi geti ekki staðið óbreytt áfram og sé frekar til þess fallin að skapa tortryggni í garð endurskoðunarfyrtækja sem myndu ein sitja að því að þjálfa nýliða til starfa. Hjá embættinu starfar fjöldi fólks sem stefnir að því að fá löggildingu í endurskoðun enda að vinna við verkefni sambærileg þeim sem eru hjá endurskoðunarfyrtækjum þó þannig að um opinbera aðila er að ræða. Ríkisendurskoðandi leggur til að 7. tölul. 3. gr. frumvarpsins verði breytt, og áréttað verði um sérstöðu starfsfólks embættisins að þessu leyti.

IV.

Ákvæði 6. gr. frumvarpsins kveður á um að eingöngu þeim, einstaklingum og fyrirtækjum, sem fengið hafa starfsleyfi til endurskoðunarstarfa sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, sé heimilt að nota hugtökin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þetta nær þó ekki til þeirra sem sinna innri endurskoðun í fyrirtækjum, að því gefnu að störf þeirra séu hluti af innra stjórnendaeftirliti viðkomandi fyrirtækis. Að mati ríkisendurskoðandi er nauðsynlegt að tiltaka beint í ákvæðinu að það eigi ekki við ríkisendurskoðanda og Ríkisendurskoðun.

Að öðru leyti en að framan greinir eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Guðrún Jenný Jónsdóttir
sviðsstjóri